

DRÖG AÐ JAFNRÉTTISÁÆTLUN FYRIR STÆRRI ÍPRÓTTAFÉLÖG

Jafnréttisáætlun **ípróttafélagsins** byggir á gæðaverkefni ÍSÍ um fyrirmyndarfélög og lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Til að geta talist fyrirmyndarfélag þarf félagið að tryggja kynjajafnrétti í starfsemi sinni og setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun.

Jafnréttisáætluninni er ætlað að styrkja jákvæð samskipti kynjanna og gagnkvæma virðingu í öllu íþróttastarfi. Hvetja iðkendur til að rækta hæfileika sína án hamlandi áhrifa staðalmynda og stuðla að jöfnum tækifærum beggja kynja. Koma í veg fyrir einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir innan félagsins.

Samkvæmt 23. gr. jafnréttislaga skal flétta kynja- og jafnréttissjónarmið inn í alla stefnumótun og áætlanagerð í íþrotta- og tómsundastarfi. Markmiðið er að velja alltaf þá leið sem færir félagið nær kynjajafnrétti. Fyrsta skrefið er að gera úttekt á stöðu kynjanna innan félagsins. Í framhaldinu er árangur af jafnréttisstarfinu metinn.

IÐKENNDUR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Bæði kyn, í sömu íþróttagrein og á sama aldri, fái jafn marga og sambærilega æfingatíma. Kynin hafi sambærilega aðstöðu/aðbúnað.	Úttekt á æfingatíma kynja í sömu íþróttagrein og á sama aldri. Úttekt á aðbúnaði og aðstöðu kynja í sömu grein og á sama aldri. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.	Framkvæmdastjóri. Framkvæmdstjóri. Stjórn félagsins.	September og janúar ár hvert. September og janúar ár hvert.
Samræmi í fjárveitingum til íþróttagreina eftir kynjum. Kynjunum er ekki mismunað í fréttum eða í öðru efni sem félagið sendir frá sér.	Úttekt á því hvernig fjármagni er skipt milli íþróttagreina eftir kynjum. Úttekt á fréttum og öðru efni sem félagið sendir frá sér m.t.t. kyns. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.	Framkvæmdastjóri. Framkvæmdstjóri. Stjórn félagsins.	September og janúar ár hvert. September og janúar ár hvert.
Verlaun beggja kynja innan allra flokka og greina eru sambærileg. Samstarfsaðilar þekki stefnu félagsins í jafnréttismálum.	Úttekt á verðlaunum eftir kyni Leiðrétta kynbundinn mun ef er. Jafnréttisstefna félagsins kynnt fyrir samstarfsaðilum.	Stjórn félagsins. Stjórn félagsins.	Mái ár hvert.
Vinna gegn staðalmyndum kynjanna.	Úttekt á fjölda iðkenda innan hvernar íþróttagreinar eftir kyni. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.	Framkvæmdastjóri.	Febrúar ár hvert.

Samkvæmt 22. gr. jafnréttislaga skulu yfirmenn félagasamtaka gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni í félagsstarfi.

IÐKENDUR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni innan félagsins.	Fræðsla fyrir þjálfara. Vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun. Forvarnar og viðbragðsáætlunin kynnt fyrir starfsfólki.	Stjórn félagsins.	Annað hvort ár. Árlega / janúar.

DRÖG AÐ JAFNRÉTTISÁÆTLUN FYRIR STÆRRI ÍPRÓTTAFÉLÖG

ÞJÁLFAVARAR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Þjálfarar eru vel menntaðir og vel að sér um jafnrétti kynjanna.	Fræðsla um jafnrétti kynjanna fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk félagsins.	Framkvæmdastjóri.	September og janúar ár hvert.
Þjálfarar njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða sambærileg störf og hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar.	Úttekt á menntun, launum og launakjörum þjálfara m.t.t. kyns. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.	Framkvæmdstjóri. Stjórn félagsins.	September og janúar ár hvert.

NEFNDIR OG RÁÐ

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins er sem jafnast og endurspeglar hlutfall iðkenda í viðkomandi íþróttagrein	Úttekt á nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins m.t.t. kyns.	Stjórn félagsins.	Nóvember og mars ár hvert.
Bæði kynin koma fram fyrir hönd félagsins.	Úttekt á hverjir koma fram fyrir hönd félagsins m.t.t. kyns. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.	Stjórn félagsins.	Nóvember og mars ár hvert.

EFTIRFYLGNI

Jafnréttisáætlunin á að vera virk í öllu starfi félagsins, hún á að vera lifandi plagg sem tekur breytingum þegar þurfa þykir. Árlega fer stjórn félagsins yfir jafnréttisáætlunina og metur árangur verkefna. Hvað gerum við vel? Hvað getum við gert betur?

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttisáætlunin sé virk í öllu starfi félagsins.	Áætlunin og árangur verkefna kynnt innan félagsins og birt á heimasíðu.	Framkvæmdastjóri.	Október ár hvert.
Jafnréttisáætlunin er í sífelldri þróun.	Fara yfir jafnréttisáætlunina og uppfæra m.t.t. árangurs og reynslu.	Stjórn.	September ár hvert.

ENDURSKOÐUN

Jafnréttisáætlun íþróttafélagsins gildir frá 1. janúar 2019 og skal endurskoðuð og uppfærð í síðasta lagi í desember 2021.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttisáætlunina er endurskoðuð á fjögurra ára fresti til samræmis við endurnýjun fyrirmyndarféлага.	Tillaga að nýrri jafnréttisáætlun lögð fram byggð á fyrri reynslu. Ný jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára samþykkt og tekur gildi.	Stjórn.	Október 2021. Desember 2021.

Samþykkt í stjórn xx.xx.xxxx
